



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 10

Október 1985

ARSHATÍD

Arshátið JÖRFI verður haldin í Risinu,
Hverfisgötu 105 þann 26. október 1985.

Ræðumaður kvöldssins: ????????

Veislustjóri: ????????

Miðar verða seldir á Rakarastofunni
Dalbraut 1. Sími á vinnutíma 686312 en
annars 77616.

ÁRSHÁTIÐ

Góðir hálsar. Enn höldum við árshátið á 35. starfsári. Í fyrra vorum við í Rafstöðinni, en vegna mikillar vinnu og erfiði fyrir skemmtinefnd var ákveðið að færa sig um set niður á Hverfisgötu 105 í hús allaballanna. Enn hrópum við á eldri félaga og vini, sem ekki hafa mætt um skeið og þar með farið á mis við þá miklu skemmtan.

Og enn kemur skemmtinefndin á óvart með því að brjóta verðmárin inn með hlægilegu miðaverði, aðeins 1100 kr. eða aðeins 10 % hækjun frá því í fyrra í 40 % verðbólgu.

Því segjum við upp með smókinginn og kjólana og fjölmennum á árshátið.

Matseðill: Sjávarréttir
Gljáður hamborgarahryggur
Is eða tia Maria Kaffi.

Miðar seldir á Rakarastofunni Dalbraut 1.
Sími vinna 686312, heima 77716.
Skemmtinefndin

FRA SKÁLANEFND

Eins og áður hefur komið fram er nýi skálinn í Jökulheimum lokaður, en sá eldri opinn öllum. Hægt er að fá nýja skálann til afnota, en þá þarf að fá lykil hjá Stefáni Bjarnasyni, Hæðargarði 54, Reykjavík, sem veitir og allar upplýsingar um notkun á skálum félagsins. Ef ráðgerðar eru ferðir á þá staði, sem skálar félagsins eru og miðað við dvöl í þeim, er ráðlegt að tilkynna það, svo ekki komi til vandræða, ef fleiri en einn hópur stefnir á sama staðinn. Engin upphitun eða áhöld eru í skálunum, að undanskildum nýja skála í Jökulheimum, sem i er allur útbúnaður til matargerðar og upphitunar.

Farin var vinnufærð í Jökulheima 23.-25. ágúst s. l. Lagðar voru leiðslur fyrir gasljós og að eldavél í nýja skála. (Gæta barf fyllstu varúðar við notkun gassins, eins og allir gera sér væntanlega grein fyrir.) Þá var hrundið í framkvæmd verki, sem staðið hefur til að gera í að minnsta kosti 15 ár, á reykháfinn (inni) voru limdar steinflögur, sem sóttar voru inn undir Pórisós. Borið var á öll húsin að utan, þ.e. veggi, glugga og vindskeiðar. Notað var Cubrinol, sem Slippfélagið í Reykjavík létt féluginu í té. Þókin á bilaskemmu og bensingeymslu voru máluð og forstofugólf í nýja skála lakkað, sem ekki vannst timi til í fyrra, er hin voru lökkuð. Nágrenni skálanna var hreinsað og rusli brennt. Mikið af bréfarusli og alls kyns drasli safnast í Kringum húsin og ber það ekki vott um snyrtimennsku þeirra sem bangað koma.

Hin árlega "13. september" ferð félagsins var farin að bessu sinni 20. september og voru þátttakendur aðeins 6. Þetta var 30. "13. september" ferðin, sú fyrsta var farin 1956. Að vanda var dittað að húsum og Tungnárjökkull mældur við Nýjafell. Þókin á skálunum tveim voru máluð, en ekki vannst timi til bess fyrr í sumar. Settar voru krækjur á opnanlega glugga í nýja skála, en þeir hafa ekki verið nægjanlega þéttir svo að sandur og fleira hefur farið inn um þá. Þá var borið steinlakk á reykháfinn. Þegar "skylustörfum" var lokið var ekki, í heiðrikju og logni, norður fyrir Kerlingar, langleiðina að Hamrinum, og blasti þá við allt miðhálendið sunnanvert.

Jökulheimar eiga 30 ára afmæli um bessar mundir, en fyrsti skálinn, gamli skáli, var reistur í júni 1955. Á næstu árum á eftir voru bilaskemma og bensingeymsla reistar, en 1965 var nýi skáli reistur og er hann því 20 ára.

JÖKULL 1985

Nú er JÖKULL 1985, 35. árgangur, kominn út og hefur þegar verið sendur til þeirra félagsmanna sem greitt höðu árgjaldið fyrir útkomu ritsins. Enn á um þriðjungur félagsmanna eftir að greiða félagsgjald 1985 og eru þeir beðnir að gera skil hið fyrsta.

HAUSTFUNDUR

Haustfundur verður haldinn 26. nóvember að Hótel Hofi við Rauðarárstig. Verður fundurinn tileinkaður Guðmundi Jónassyni. Nánar auglýst í næsta fréttabréfi.